

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

6. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2020-2021
5. mars. kl. 8:15-9:30 – í stofu 6 í Heppuskóla og á Teams

Fundarstjóri og fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Mættir: Helga Árnadóttir, Katrín Guðmundsdóttir; Sigrún Gylfadóttir, Ída Mekkin Hlynsdóttir, Stígur Aðalsteinsson, Heiður Sigurðardóttir, Eva Rán Ragnarsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir.
Gestir fundarins, Sólrún Sigurjónsdóttir, Kristján Guðnason og Ragnhildur Jónsdóttir

Dagskrá

- Maturinn í skólanum.** Hvernig getum við stuðlað að hollu og góðu mataræði nemenda? Hvernig eigum við að tryggja að allir fái fæði sem þeir vilja borða eða eigum við að gera það? Á þennan lið mættu Kristján Guðnason kokkur og Sólrún Sigurjónsdóttir matráður ásamt Ragnhildi Jónsdóttur fræðslustjóra. Fram hefur komið að hugmyndir um mataræði hafa breyst mikið á síðustu árum og spurning hvort ekki sé eðlilegt að bjóða upp á meira grænmetisfæði. Öll umræða um grænmetisfæði og orðanotkun í kringum hana hefur breyst t.d. talað um grænkeru frekar en grænmetisætu o.s.frv. Kostnaður við grænmetisfæði yrði klárlega meiri og spurning hver myndi bera þann kostnað? Nokkuð ljóst að ekki er hægt að horfa fram hjá þessari þróun en spurning hvernig málið verður tæklað. Ákveðið að setja málið fyrir fræðslunefnd því eðlilegt er að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í heild. Einnig var rætt um að nemendur gætu ekki fengið að skammta sér sjálf en það ræðst m.a. af því að þetta er mótuneyti sem margir þurfa að ganga um og á stuttum tíma. Umræðunni fagnað af fundamönnum og ákveðið að halda áfram með málið.
- Að efla samstarf foreldra og samstarf heimilis og skóla.** Áframhaldandi umræða frá því á fundi fyrir jól. Fram kom að fáir foreldrar hafa nýtt sér þá fræðslu sem send var heim eftir svefnfyrirlestra og sjálfstyrkingarfyrirlestra með nemendum og spurning hvernig við getum náð betur til forelda. Í mars kemur Sigga Dögg í heimsókn með kynfræðslu til nemenda í 5. – 10. bekk og einnig verður fræðsla til foreldra.
- Farið yfir niðurstöður foreldrakönnunar úr Skólapúlsinum.** Þær niðurstöður eru inn á heimasíðu skólans <https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/Foreldrakonnun-nidurstodur-2020-2021.pdf>
- Næsti fundur föstudaginn 16. apríl kl. 8:15**